
ÚRRÆÐI GRUNNSKÓLA FYRIR AFBURÐANEMENDUR

Niðurstöður könnunar febrúar - maí 2002



Menntamálaráðuneytið
júlí 2002

Úrræði grunnskóla fyrir afburðanemendur

Niðurstöður könnunar febrúar - maí 2002

Menntamálaráðuneytið
júlí 2002

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitsgerðir 30

Júlí 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: ABX ehf

Prentun: Prentsmiðjan Oddi h.f.

© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-90-5

Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Stefna og úrræði fyrir afburðanemendur	6
Úrræði í boði fyrir afburðanemendur.....	7
Námsgreinar, bekkir og úrræði	9
Afstaða til úrræða fyrir afburðanemendur	10
Niðurstöður	12
Heimildaskrá.....	13

Formáli

Í desember 2001, voru kynntar niðurstöður úr PISA rannsókninni (Programme for International Student Assessment) sem er alþjóðleg rannsókn á vegum OECD á árangri 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Nemendur í 10. bekk á Íslandi skólaárið 2000-2001 tóku þátt í rannsókninni. Almennt má segja að árangur íslenskra nemenda í þessari rannsókn hafi verið vel viðunandi, þar sem niðurstöðurnar gefa til kynna að heildarframmistaða þeirra sé nokkuð betri en meðaltal OECD landanna í lestri og stærðfræði, en nokkuð lakari í náttúrufræði. Ljóst er þó af samanburði við þær þjóðir sem standa sig best, að enn má gera verulega betur í öllum greinum sem rannsakaðar voru.

Fyrsta skoðun niðurstaðna bendir til þess að í íslenskum skólum sé allstór hópur nemenda sem hefur ekki nægilega verðug verkefni eða sem fullnýta ekki getu sína í grunnskólanum. Því þarf að fjölga þeim nemendum sem ná hæsta getustigi. Lítil sem enginn munur er á árangri íslenskra nemenda eftir skólum, en það endurspeglar einsleitni í íslenska skólakerfinu og rannsóknin bendir til þess að hér á landi sé nemendum sem eiga erfitt með nám vel sinnt í samanburði við það, sem gerist annars staðar (OECD, 2001).

Í ljósi niðurstaðna PISA ákvað menntamálaráðherra að afla skyldi upplýsinga um úrræði grunnskóla fyrir afburðanemendur. Markmiðið var að fá fram upplýsingar um hvort skólarnir hefðu úrræði fyrir afburðanemendur, þ.e. nemendur sem skara fram úr jafnöldrum sínum í námi, og hver þau væru.

Könnun á úrræðum grunnskóla fyrir afburðanemendur var send til grunnskóla í febrúar 2002. Svör bárust frá 134 grunnskólum eða 68% skóla. Skiladagur svara var 4. mars 2002, en síðustu svör bárust í júní eftir nokkurn eftirrekstur. Könnunin var unnin af mats- og eftirlitsdeild. Efni þessarar skýrslu er einnig að finna undir *Fréttir og fræðsluefni* (Skýrslur og álitgerðir) á vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is.

Stefna og úrræði fyrir afburðanemendur

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er lögð áhersla á að hver nemandi eigi að geta fundið nám við sitt hæfi sem eflir hann og þroskar. Þar segir einnig:

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að þorri nemenda eigi að geta náð flestum markmiðum námskrárinnar á sama tíma. Ljóst er þó að einhver hluti nemenda ræður vel við fleiri og flóknari markmið en aðrir þurfa lengri tíma og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Markmið aðalnámskrár eiga því hvorki að skoðast sem hámark né lágmark. Það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að nemendum hverju sinni. Nemendur eiga rétt á viðfangsefnum sem henta þeirra námsgetu og þeirra hæfni (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 21).

Jafnframt segir:

Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ítrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 21).

Í könnuninni um úrræði fyrir afburðanemendur var spurt hvort skólarnir hefðu mótað stefnu um úrræði fyrir afburðanemendur. Einungis 22% skóla sem svöruðu könnuninni höfðu mótað slíka stefnu. 78% skólanna höfðu þ.a.l. ekki mótað stefnu.

Meirihluti þeirra skóla sem svör bárust frá eða 71% höfðu úrræði fyrir afburðanemendur, en 29% voru ekki með úrræði fyrir þessa nemendur. Af þeim skólum sem voru með úrræði fyrir afburðanemendur höfðu 69% ekki mótað stefnu á þessu sviði.

Af þeim 29 skólum þar sem mótuð hafði verið stefna, höfðu 76% birt hana í skólanámskrá og 83% kynnt stefnuna sérstaklega fyrir foreldrum.

Skólastjórar þeirra skóla sem ekki höfðu úrræði fyrir afburðanemendur svöruðu ekki fleiri spurningum. Niðurstöður hér á eftir ná því eingöngu til þeirra 93 skóla sem eru með úrræði fyrir afburðanemendur.

Úrræði í boði fyrir afburðanemendur

Skólastjórar þeirra skóla sem eru með úrræði fyrir afburðanemendur voru spurðir að því í hverju úrræðin fælust og í hvaða bekkjum þau væru. Mögulegt var að merkja við fleiri en eitt úrræði auk þess sem hægt var að bæta við fleiri úrræðum en komu fram í spurningalistanum. Í töflu 1 má sjá að algengasta úrræðið fyrir afburðanemendur í 1.-10. bekk er að nota sérstakt viðbótarefni. Næst algengasta úrræðið er einstaklingsmiðað nám og þar næst að skipta í hópa innan bekkjar eftir námsárangri. 29% skólanna buðu upp á viðbótarnám í framhaldsskóla (fjarnám eða tímasókn) í 8.-10. bekk. Fæstir virðast nota nám utan skóla annað en í framhaldsskóla, sem úrræði fyrir afburðanemendur.

Tafla 1. Úrræði fyrir afburðanemendur, eftir bekkjum

Úrræðin felast í:	1.- 4. bekk	5. – 7. bekk	8. – 10. bekk
Röðun í bekk eftir námsárangri	1%	6%	13%
Sérstöku viðbótarnámsefni	49%	52%	43%
Skipt í hópa innan bekkjar eftir námsárangri	26%	28%	25%
Einstaklingsmiðuðu námi	42%	43%	31%
Flutningi um bekk í grunnskóla	10%	10%	9%
Námi utan skóla annað en í framhaldsskóla	3%	5%	9%
Viðbótarnámi í framhaldsskóla (fjarnám eða tímasókn)	-	-	29%

Í nokkrum grunnskólum eru önnur úrræði notuð, t.d. reglugerðarákvæði þar sem segir:

Þeir nemendur í 9. bekk, sem að mati skólastjóra og umsjónarkennara, hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum, geta, með samþykki forsjáraðila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum (Menntamálaráðuneytið, 2000).

Nokkrir höfðu tekið þátt í tilraunaverkefni *Bráðger börn-Verkefni við hæfi*, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Heimilis og skóla – Landssamtaka foreldra. Dæmi voru nefnd um svokallaðar hraðferðir í 9. og 10. bekk. Í nokkrum tilfellum starfar nefnd innan skólans sem fjallar um úrræði fyrir afburðanemendur og sums staðar var þessum nemendum boðið upp á 1-2 viðbótarstundir á viku, sérstök próf hafa verið útbúin fyrir nemendurna auk þess sem þeir hafa fengið að sækja fyrirlestra í öðrum skólum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Jafnframt var spurt hvaða úrræði skiluðu mestum árangri. Merkja átti við á skalanum 1-8, þar sem 1 hafði mesta vægið. Í töflu 2 má sjá niðurstöðurnar.

Tafla 2. Mikilvægi úrræða fyrir afburðanemendur

Úrræði:	Vægi:							
	1	2	3	4	5	6	7	8
Röðun í bekki eftir námsárangri	8%	1%	1%	5%	3%	1%	3%	2%
Sérstöku viðbótarnámsefni	14%	30%	6%	2%	2%	3%	0%	0%
Skipt í hópa innan bekkjar eftir námsárangri	13%	6%	13%	3%	4%	4%	0%	0%
Einstaklingsmiðuðu námi	32%	12%	8%	3%	1%	0%	1%	1%
Flutningi um bekk í grunnskóla	2%	2%	9%	4%	4%	2%	1%	2%
Námi utan skóla annað en í framhaldsskóla	0%	1%	8%	1%	2%	2%	6%	0%
Viðbótarnámi í framhaldsskóla (fjarnám eða tímasókn)	4%	4%	2%	3%	2%	4%	3%	1%
Annað*	9%	1%	1%	0%	0%	0%	0%	3%

* „Annað“: T.d. hraðferðir, samræmd próf í 9. bekk, þátttaka í verkefnum *Bráðger börn* og viðbótarkennslustundir.

Í töflunni má sjá að flestir skólastjórar grunnskóla sem eru með úrræði fyrir afburðanemendur gefa einstaklingsmiðuðu námi hæsta vægið eða 32% og því virðist sem einstaklingsmiðað nám skili mestum árangri fyrir afburðanemendur að mati skólastjóra. Einnig skilar það góðum árangri að mati skólastjóra að bjóða upp á sérstakt viðbótarnámsefni og að skipta í hópa innan bekkjar eftir námsárangri. Skólastjórar gefa námi utan skóla annað en í framhaldsskóla ekki mikið vægi enda er það úrræði ekki notað í miklum mæli (sbr. tafla 1).

Námsgreinar, bekkir og úrræði

Spurt var í hvaða námsgreinum og bekkjum sérstökum úrræðum væri beitt fyrir afburðanemendur. Tafla 3 sýnir helstu niðurstöður.

Tafla 3. Fjöldi skóla sem beita sérstökum úrræðum fyrir afburðanemendur í ýmsum námsgreinum, eftir bekkjum*

Námsgrein:	1.- 4. bekk	5. – 7. bekk	8. – 10. bekk
Íslenska	51	46	44
Stærðfræði	44	54	56
Enska	2	16	38
Danska	1	8	26
Náttúrufræði	2	2	5
Samfélagsfræði	2	2	4


*Í nokkrum skólum sem svör bárust frá er eingöngu kennt í 1.-7. bekk eða einungis í 8.-10. bekk. Því var ekki reiknað hlutfall heldur birtur fjöldi skóla.

Sjá má að í flestum skólum er boðið upp á sérstök úrræði fyrir afburðanemendur í íslensku og stærðfræði en í tiltölulega fáum skólum í náttúru- og samfélagsfræði. Það er aðeins breytilegt eftir bekkjum í hvaða námsgreinum boðið er upp á úrræði, t.d. í 1.-4. bekk eru flestir skólar með úrræði í íslensku en í stærðfræði í 5.-10. bekk. Almennt bjóða fleiri skólar upp á úrræði fyrir afburðanemendur í eldri bekkjum grunnskólans (sjá stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði). Hins vegar bjóða fleiri skólar upp á úrræði fyrir afburðanemendur í íslensku í yngri bekkjum grunnskólans. Í nokkrum skólum er boðið upp á úrræði í öðrum námsgreinum en nefndar eru í töflunni, s.s. upplýsinga- og tæknimennt, þýsku, sænsku og myndlist.

Afstaða til úrræða fyrir afburðanemendur

Þegar spurt var hvort að úrræði skólans fyrir afburðanemendur hafi skilað tilætluðum árangri voru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Mynd 1. Afstaða til árangurs úrræða fyrir afburðanemendur




Flestir skólastjórar telja að úrræðin hafi að nokkru leyti skilað árangri eða 60%, 36% telja þau hafa skilað árangri að mestu leyti, 3% að mestu leyti og 1% að litlu leyti.

88% þeirra skólastjóra sem svöruðu könnuninni og voru með úrræði fyrir afburðanemendur hafa samráð við foreldra afburðanemenda um úrræði fyrir þá.

Skólastjórar voru beðnir að meta hvort sátt ríkti meðal kennara, nemenda og foreldra um úrræði skólans fyrir afburðanemendur. Niðurstöðurnar voru eftirfarandi:

Mynd 2. Afstaða kennara, nemenda og foreldra til úrræða fyrir afburðanemendur



Samkvæmt mati skólastjóranna virðist ríkja viðtæk sát meðal kennara, nemenda og foreldra um úrræði fyrir afburðanemendur í 87-93% tilvika en í 7-13% tilvika ríkir ekki sát meðal þessara aðila um úrræðin.

Niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að í fáum grunnskólum hafi verið mótuð sérstök stefna um úrræði fyrir afburðanemendur. Hins vegar bjóða flestir skólar upp á einhver úrræði fyrir þá.

Í flestum tilvikum felast úrræðin í sérstöku viðbótarnámsefni eða einstaklingsmiðuðu námi. Flestir skólastjórar telja að einstaklingsmiðað nám skili bestum árangri en sérstakt viðbótarnámsefni hefur einnig skilað góðum árangri að þeirra mati.

Sérstökum úrræðum fyrir afburðanemendur er helst beitt í íslensku og stærðfræði en síður í náttúru- og samfélagsfræði. Þessar niðurstöður eru athyglisverðar með hliðsjón af niðurstöðum PISA þar sem árangur íslenskra nemandanna var lakari í náttúrufræði en í lestri og stærðfræði.

Eftirtektarvert er að rúmlega helmingur skólastjóra telja að úrræðin sem þeir bjóða afburðanemendum upp á skili einungis að nokkru leyti tilætluðum árangri.

Í flestum skólum er haft samráð við foreldra nemendanna um úrræði fyrir þá og sátt ríkir um þau meðal kennara, nemenda og foreldra, að mati skólastjóra.

Heimildaskrá

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti*. Reykjavík: Gutenberg.

Menntamálaráðuneytið (2000). *Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum (nr. 414)*.

OECD (2001). *Knowledge and Skills for Life. First results from PISA 2000*. París.



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ